

## Fundur Betadeildar þriðjudaginn 17. apríl 2012 kl. 19:30

Fundarstaður: Verkmenntaskólinn á Akureyri

Mættar voru 16 félagskonur úr Betadeild og 1 gestur.

Fundarstjórn önnuðust María Steingrímsdóttir, Rósa K. Júlíusdóttir, Lilja Sæmundsdóttir og Halldóra Haraldsdóttir.

Dagskrá:

1. Setning fundar
2. Orð til umhugsunar
3. Fundargerð lesin
4. Erindi frá stjórninni
5. Gestur - Dýrleif Skjöldal og Helga Stefanía Þórsdóttir
6. Kaffi og happdrætti
7. Fundarslit

1. **Setning fundar.** Þorgerður Sigurðardóttir formaður setti fund og Rósa Kristín Júlíusdóttir kveikti á kertum. Þorgerður bar kveðjur frá fjarverandi félagskonum.
2. **Orð til umhugsunar.** Fríða Pétursdóttir las orð til umhugsunar og ræddi helstu ástæður þess að hún þekktist boð um að gerast félagi í Betadeild og hver væri hennar sýn á félagsskapinn.
3. **Fundarstjórn.** Þorgerður gaf fundarstjórn yfir til undirbúningshóps og tók María Steingrímsdóttir við stjórn fundarins.
4. **Lestur fundargerða.** Eygló Björnsdóttir las fundargerðir frá fundinum 13. febrúar og leshringsfundinum 15. mars. Báðar fundargerðir voru samþykktar samhljóða.
5. **Erindi frá stjórn.**
  - a. Þorgerður minnti á komandi vorþing og hvatti þær konur sem ættu heimangengt að mæta á þingið. Í ljós kom að sennilega færi engin héðan að norðan úr deildinni á þingið að þessu sinni. Var rætt að dagsetning þingsins væri óheppileg fyrir okkur norðankonur þar sem margar okkar hafa skráð sig með erindi á ráðstefnu Miðstöðvar skólaþróunar í HA sem haldin er sama dag.
  - b. Þorgerður ræddi einnig afmælið sem framundan er 2. júní. Búið er að fá jákvætt svar við því að fá að halda afmælið að Hrafnagili. Það var einróma samþykkt að heiðra Rósu Eggertsdóttur sérfræðing hjá Miðstöð skólaþróunar í HA í tilefni af afmælinu og tók Ingibjörg Auðunsdóttir að sér að taka sama stuttan pistil um Rósu. Ákveðið var að hafa samverustundina milli klukkan 11:00 og 13:00 og bjóða upp á rjómapönnukökur, flatkökur og ef til vill kleinur með kaffinu. Mý deild var boðið í afmælishófið.
6. **Jákvæð snerting.** Dýrleif Skjöldal nuddari og leikskólakennari í Álfaborg á Svalbarðseyri mætti á fundinn ásamt samstarfskonu sinni Helgu Stefaníu Þórsdóttur. Þær kynntu fyrir okkur þær áherslur í Álfaborg sem lúta að snertingu og umhyggju. Í skólanum er mikil áhersla á jákvæða snertingu s.s. nudd, létt strok á bak eða klapp á koll. Reynt er að nota jákvæða snertingu í sem flestum samskiptum við börnin þannig að allir náí að tengjast hver öðrum betur og á jákvæðan hátt. Þegar þær stóllur höfðu sagt okkur frá sínu starfi í leikskólanum og sýnt okkur myndir frá starfseminni var Betasystrum skipt í tveggja manna hópa og leiddi Dýrleif okkur í gegnum það ferli að gefa hver annarri nudd. Áttu Betasystur þarna algera „sælustund“ hver með annarri.
7. **Önnur mál.** María gaf fundarstjórnina aftur yfir til Þorgerðar sem þakkaði gestunum fyrir þeirra framlag til fundarins og afhenti þeim rauða rós sem þakklætisvott. Jóhanna Þorsteinsdóttir varpaði fram þeirri hugmynd hvort ekki mætti senda sjóðinn sem safnast í „litlu skjóðuna okkar“ á fundum í fyrra falli til Unicef þetta árið. Þar er í gangi sérstakt

verkefni sem vert væri a ð styrkja og eru tímamörk á verkefninu. Stjórn Betadeildar var falið að skoða þetta og sjá um að afgreiða málið. Að lokum þakkaði þorgerður góða fundarsetu sem og undirbúning- og kaffinefndum fyrir þeirra framlag og sleit fundi áður en sest var að veitingum í boði kaffinefndar sem að þessu sinni var skipuð þeim Ernu Gunnarsdóttur, Ingibjörgu Auðunsdóttur og Björk Sigurðardóttur.

8. **Happdrætti.** María Gunnarsdóttir fékk vinninginn að þessu sinni .

Fundinum lauk klukkan 21:50.

Ritari: Eygló Björnsdóttir